

14. febrúar, 2022

**Efni: Erindi til félags- og vinnumarkaðsráðherra, Guðmundar Inga Guðbrandssonar, vegna fæðingarstyrkja námsmanna og endurskoðun á umgjörð fæðingarstyrkjakerfisins.**

Stúdentaráð Háskóla Íslands kallar eftir því að umgjörð fæðingarstyrkja námsmanna verði endurskoðuð og leiðrétt. Foreldrar í námi standa höllum fæti er kemur að fæðingarstyrk námsmanna og fæðingarstyrk fólks utan vinnumarkaðar. Fæðingarstyrkjagreiðslur eru lægri samanborið við greiðslur úr fæðingarorlofssjóði fyrir sama starfshlutfall og veldur það misræmi milli foreldra í námi og foreldra á vinnumarkaði.

Stúdent á rétt á fæðingarstyrk námsmanna ef hann hefur verið í fullu námi (75% - 100% námi) í a.m.k. 6 mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir fæðingu barns, frumættleiðingu eða varanlegt fóstur þess. Fæðingarstyrkur námsmanna er 199.522 kr.- vegna barna fæddra árið 2022. Ef stúdent mætir ekki fyrrnefndum kröfum um fæðingarstyrk námsmanna þá á hann rétt á fæðingarstyrk fyrir fólk utan vinnumarkaðs. Fæðingarstyrkur fólks utan vinnumarkaðar er 87.062 kr.- á mánuði vegna barna fæddra árið 2022. Lágmarks greiðsla í fæðingarorlofi er 199.522 kr.- vegna barna fæddra árið 2022 sem er jafn hátt og hámarksgreiðslur einstaklinga sem fá fæðingarstyrk námsmanna. Foreldri sem er í 50% námi en ekki á vinnumarkaði myndi að hámarki því fá greitt 87.062 kr.- á mánuði á meðan foreldri í 50% starfi myndi fá greitt 199.522 kr.- að lágmarki. Munurinn á greiðslunum fyrir sama hlutfalls starfs og náms er því 112.460 kr.- á mánuði.

Skilyrði fyrir fæðingarstyrk námsmanna miðast einungis við skilaðar einingar stúdents á síðastliðnum 12 mánuðum. Það þýðir að ef stúdent fellur í námskeiði sem hann var skráður í og staðinn einingafjöldi fer undir 22 ECTS (75% nám) þá á hann ekki rétt á fæðingarstyrk námsmanna (199.522 kr.-). Námskeið geta verið mismunandi eftir fræðasviðum og deildum, fallhlutfall þeirra getur verið hátt, falið í sér verknám eða jafnvel verið skipulögð með 80% lokaprófi. Að ganga að því að stúdentar séu allir skipulagðir eins er ekki raunhæft. Því getur umgjörð fæðingarstyrkjanna verið kvíðavaldandi fyrir verðandi foreldra og aukið álag á viðkvæmum tímum.

Stúdentaráð Háskóla Íslands kallar því eftir að greiðslur fæðingarstyrkja verði jafnar greiðslum úr fæðingarorlofssjóði miðað við 50% námshlutfall. Rýmka þarf skilyrði fæðingarstyrkja námsmanna þannig að það nái til 50% námshlutfalls til þess að foreldrar í námi standi jafnari fæti við foreldra á vinnumarkaði. Greiðslur til nýbakaðra foreldra ættu ekki að vera áunnin réttindi foreldris, heldur réttur barns að fjölskylda þess geti lifað í stöðugleika á meðan umönnun þess er í forgangi, óháð því hvort foreldrar þess séu í námi eða starfi.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands

*Isabel Alejandra Diaz*

Isabel Alejandra Díaz  
Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands